

Nýr kjarasamningur Eflingar við SFV: **Helstu atriði**

Kynning fyrir félagsmenn -- júní 2020



Yfirlit

1. Almennt um samninginn og atkvæðagreiðslu
2. Launaliður
 - Taxtahækkunarir
 - Ný launatafla og fjárveiting
 - Afturvirkni
 - Orlofs- og desemberuppbætur
 - Greiðslur fyrir yfirvinnu
3. Stytting vinnuvikunnar
 - Dagvinna
 - Vaktavinna
4. Annað
 - Orlofsréttur
 - Laun ungmenna
 - Stubbavaktir

Um samninginn

- Afurð af langri og strangri samningalotu við opinbera aðila:
 - **Ríkið** – undirritaður 7. mars 2020
 - **Reykjavíkurborg** – undirritaður 10. mars 2020 eftir verkfallsaðgerðir
 - **SÍS** – undirritaður 11. maí 2020 eftir verkfallsaðgerðir
- Meginkrafa um sérstaka „leiðréttingu“ sögulega vanmetinna kvennastarfa náðist fram
- Tíðir samningafundir með SFV í apríl-júní – samninganefnd félagsmanna viðstödd alla fundi
- Samningur hefur verið undirritaður af samninganefnd með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu

Atkvæðagreiðslan

- Atkvæðagreiðsla hefst 12:00 á hádegi mánudaginn 29. júní og lýkur 12:00 á hádegi fimmtudaginn 2. júlí.
- Samningurinn sjálfur og allt kynningarefni er á heimasíðu Eflingar.
- Tekur gildi ef meirihluti félagsmanna er samþykktur.
- Eingöngu rafræn kosning – farið inn á www.efling.is og svo nota rafræn skilríki eða Íslykil
- Ef þú ert ekki á kjörskrá: Skrifa tölvupóst á kjorskra@efling.is með nýjasta launaseðli eða ráðningarsamningi

1. Launaliður



Taxtahækkunir

- Launaflokkar hækka í áföngum.
 - Samtals hækkun um **82.250 kr.** í lfl. 1-17 (+ áhrif af launatöflubreytingu)
 - Samtals hækkun um **70.250 kr.** í lfl. 18 og ofar
- 1. apríl 2019: **17.000 kr.** (afturvirkir)
- 1. apríl 2020: (afturvirkir)
 - **24.000 kr.** í lfl. 1-17
 - **18.000 kr.** í lfl. 18 og ofar
- 1. janúar 2021: Ný launatafla
 - Að lágmarki **24.000 kr.** í lfl. 1-17 (+ áhrif af launatöflubreytingu)
 - Að lágmarki **18.000 kr.** í lfl. 18 og ofar
- 1. janúar 2022: **17.250 kr.**

Ný launatafla og fjárveiting

- Upptöku nýrrar launatöflu 1. janúar 2021 fylgir sérstök viðbótarfjárveiting upp á **251 milljón** á ári skv. bókun 4 í samningi til nýrrar (hærrí) innröðunar starfsheita
- 1. Tryggir að **heildarhækkun í lfl. 1-17 verði að lágmarki 90 þúsund** sbr. aðra kjarasamninga.
 - Hluti 90 þúsund króna heildarhækkunar í lfl. 1-17 kemur því inn ári fyrr en hjá öðrum sem er kjarabót.
- 2. Veitir svigrúm til **leiðréttingar lægstu launa** sambærilegri við aðra kjarasamninga Eflingar við hið opinbera.
- Verður útfært í samráðsnefnd Eflingar og SFV.

Afturvíkni

- Afturvirkar greiðslur eiga að koma við næstu mögulegu launaútborgun – hver og ein stofnun ber ábyrgð á framkvæmd.
- Fyrsta taxtahækkunin er **afturvirk** frá 1. apríl 2019 (15 mánuðir m.v. útborgun 1. ágúst).
- Önnur taxtahækkunin er **afturvirk** frá 1. apríl 2020 (3 mánuðir m.v. útborgun 1. ágúst).
- Innágreiðslur, í tilvikum þar sem þær voru greiddar, dragast frá afturvirkum greiðslum.

Orlofs- og desember- uppbætur

Desemberuppbót verður:

- kr. 92.000 kr. í desember 2019
- kr. 94.000 kr. í desember 2020
- kr. 96.000 kr. í desember 2021
- kr. 98.000 kr. í desember 2022

Orlofsuppbót verður:

- kr. 50.000 kr. í júní 2019
- kr. 51.000 kr. í júní 2020
- kr. 52.000 kr. í júní 2021
- kr. 53.000 kr. í júní 2022

Greiðslur fyrir yfirvinnu

- Greiðslur fyrir yfirvinnu verða tvenns konar samkvæmt miðlægri breytingu í öllum kjarasamningum hins opinbera.
- Annars vegar 1,0385% af mánaðarlaunum eins og verið hefur (**yfirvinna 2**).
- Hins vegar lægri yfirvinnutaxti fyrir vinnu frá kl. 08:00 til 17:00 virka daga, upp að 40 stundum á viku, sem verður 0,9385% af mánaðarlaunum (**yfirvinna 1**).

2. Stytting vinnuvikunnar



Stytting - dagvinna

- Sjá **Fylgiskjal 1** í samningi – samræmd breyting í öllum opinberum kjarasamningum
- Tryggt að vinnutími styttest um 13 mínútur á dag (65 mínútur á viku) þann 1. janúar 2021 án nokkurrar skerðingar á launum eða öðrum réttindum.
- Með sérstöku samkomulagi á vinnustöðum má stytta vinnuviku enn frekar, eða um allt að 4 klukkutíma á viku niður í 36 virkar vinnustundir.
- Stytting niður í 36 vinnustundir krefst þess að gefa upp forræði yfir kaffitímum. Engu að síður er tryggt að fólk fær neysluhlé.
- Vinnutímahópar skipaðir fulltrúum starfsfólks og stjórnenda útfæra samkomulag. Þann 1. október 2020 á niðurstaða samtals starfsfólks og yfirmanna að liggja fyrir. Greidd atkvæði áður en komi til framkvæmdar 1. janúar 2021.

Stytting í vaktavinnu

- Sjá **Fylgiskjal 2** í samningi – samræmd breyting í öllum opinberum kjarasamningum
- Breytingar á vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi. Markmið að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks + samþætta betur vinnu og einkalíf þannig að störf í vaktavinnu verði etirsóknarverðari.
- Vinnuvikan í vaktavinnu styttist niður í 36 virkar vinnustundir
- Getur í ákveðnum tilvikum styst niður í allt að 32 vinnustundir.
- Kemur til framkvæmda 1. maí 2021
- Sjá sérstaka kynningu: <https://efling.is/wp-content/uploads/2020/03/2020.03.18-Betri-vinnut%C3%ADmi-vaktavinnuf%C3%B3lks-LOK.pdf>

Stytting í vaktavinnu – nánar

- Vinnuskyldustundir utan dagvinnumarkna samkvæmt skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila.
 - Hver klukktími á næturvakt er talinn 1,2 klukktími eða 72 mín upp í vinnuskyldu.
 - Hver klukktími á kvöldvakt og dagvakt um helgar er talinn 1,05 klukktími eða 63 mín upp í vinnuskyldu.
- Árleg vinnuskylda á reglubundnum vöktum að jafnaði sú sama og hjá dagvinnufólki. Jöfnun vinnuskila kemur í staða helgidagafrís og bætingar.
 - Starfsmaður fær helgidagana jafnóðum en þarf ekki að bíða í ár með að fara í frí.
 - Starfsmaður getur óskað eftir að safna upp frí og taka dagana saman.

Stytting í vaktavinnu – nánar

- **Vaktaálagsflokkum fjölga** þannig að vaktaálag á næturvöktum hækkar og við bætist nýtt vaktaálag á sérstökum stórhátíðardögum.
 - Á næturvöktum (00:00 til 8:00) á virkum dögum verður vaktaálagið 65%
 - Á næturvöktum (00:00 til 8:00) um helgar verður vaktaálagið 75%
 - Á aðfangadag og gamlársgdag frá kl 16:00 til 00:00 + jólanótt og nýársnótt frá kl 00:00 til 8:00 er greitt 120% vaktaálag
- **Vaktahvati** sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skiplögðum vöktum innan vinnutímaskyldu
 - Vaktakvati miðast við 42 stundir utan dagvinnu á mánuði.
 - Teknar mismunandi tegundir vakta (dagvaktir, kvöldvaktir, næturvaktir virkadaga og helgarvaktir).
 - Mætt sé oftar en 14 sinnum í mánuði.
- Sjá vaktareikni: <https://betrivinnutimi.is/vaktareiknir/>
- 25 mín vegna kaffitíma fellur út

3. Annað



Annað

- Orlofsréttur: 30 daga orlofsréttur kominn á fyrir alla starfsmenn
- Sérstök ákvæði um laun ungmenna falla brott og taka ungmenni því sömu röðun og aðrir starfsmenn
- Bókun 9 um starfsmenn sem taka vaktir styttri en 8 klst. („stubbavaktir“)
 - Nýir starfsmenn: skal kveðið á um í ráðningarsamningi
 - Eldri / núverandi starfsmenn: ekki skylt að gera nýjan ráðningarsamning en þarf að gera skriflegt samkomulag að loknu samtali við yfirmann – þarf að liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2021



Mundu að greiða atkvæði!
www.efling.is

